



**ODDVITI ÁRNESHREPPS**  
524 ÁRNESHREPPUR STRANDASÝSLU

Sjávarútvegs- og

Landbúnaðarráðuneytið

Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Árneshreppi 26. janúar 2012

**Efni: Undanþága frá vinnsluskyldu samkv. 6 gr. reglugerðar frá 21. des. 2011**

Hreppsnefnd Árneshrepps óskar hér með eftir því að aflétt verði vinnsluskyldu samkvæmt 6. gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012, gefin út 21. desember 2011. Þar sem engin bolfiskvinnsla er til staðar í Árneshreppi óskar hreppsnefnd Árneshrepps eftir að þessari vinnsluskyldu verði aflétt til að hægt sé að afhenda fiskiskipum í Árneshreppi byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012. Vinna skapast í landi við að slægja og ísa fiskinn, auk þess sem flutningur fisks á markað styrkir mikið landflutninga í Árneshrepp.

Virðingarfyllst



Oddný S. Þórðardóttir

Oddviti, Árneshreppi